



Mættir: Fríða Egilsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Lóa Björg Björnsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson sem ritaði fundargerð.

### 1. Vinnuverndarmappa

Frestað.

### 2. Áhættumat stofnana

Enn á eftir að gera áhættumat fyrir grunnskólann við Ásabraut. Nýr fulltrúi hans fær það hlutverk að halda utan um þá vinnu.

### 3. Rýmingaráætlun fyrir stofnanir bæjarins – Staðan

Slökkviliðsstjóri boðaði forföll á fundinn. Hann sendi hins vegar yfirlit yfir stöðuna á rýmingaráætlunum, til nefndarinnar.

Nr	Nafn á stofnun	Uppfærslu lokið	Áætlun til	Athugasemdir
1.	Grunnskóli Ásabraut	x	X	Uppfærsla vegna tónlistarskóla og bókasafns í vinnslu
2.	Hópsskóli	X	X	
3.	Leikskólinn Laut	X	X	
4.	Leikskólinn krókur	X	X	
5.	Þjónustumiðstöð		0	Ekki í vinnslu
6.	Bæjarskrifstofur		0	Ekki í vinnslu
7.	Sundlaug Grindavíkur		0	Ekki í vinnslu
8.	Íþróttahús		0	Ekki í vinnslu
9.	Hópið Austurvegi		0	Ekki í vinnslu
10.	Kvikan.		0	Ekki í vinnslu
11.	Grindavíkurhöfn		0	Er í vinnslu
12.	Tjaldstæði		0	Ekki í vinnslu

Nefndin leggur áherslu á að gerð rýmingaráætlunar verði forgangsmál, sérstaklega í íþróttmannvirkjum. Nefndin óskar eftir því að slökkviliðsstjóri, í samvinnu við viðkomandi forstöðumenn, ljúki við gerð rýmingaráætlana, **í síðasta lagi 12. janúar 2015**. Mikilvægt er að rýmingaráætlanir liggir fyrir svo hægt sé að æfa flóttáætlanir í viðkomandi stofnunum sem fyrst.

Nefndinni hafa borist tvær athugasemdir úr Hópsskóla, í kjölfar síðustu brunaæfingar;

A: Að skilaboð sem koma á skjáinn í stjórnstöð þegar brunakerfi fer í gang, eru í ósamræmi við merkingar á töflunni. Slíkt gefur villandi skilaboð, þ.e. að eldurinn/reykurinn er rangt staðsettur. Nefndin beinir því til byggingafulltrúa að láta Öryggismiðstöðina lagfæra töfluna sem allra fyrst.



B: Hópsskóli hefur verið gerður að móttökustöð í náttúrhamförum, í stað grunnskólans við Ásabraut, eftir því sem næst verður komist. Þetta hefur því miður ekki verið kynnt nægilega vel fyrir bæjarbúum. Jafnframt vantar merkingar á Hópsskóla, þ.e. að hann sé orðinn móttökustöð. Nefndin beinir því til almannavarnanefndar bæjarins að bæta úr þessu sem fyrst.

#### **4. Flóttáætlanir í grunnskóla – merkingar**

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðsstjóra er unnið að því að samræma merkingar en þær eru ekki tilbúnar. Nefndin ítrekar að slíkar áætlanir verði settar upp sem fyrst í allar stofur í skólunum.

#### **5. Önnur mál**

- Aðsent erindi. Trúnaðarmál.
- Nefndin leggur til að Grindavíkurbær marki sér stefnu varðandi hjartastuðtæki og að þeim verði komið fyrir í öllum stofnunum bæjarins. Í dag eru þrjú slík tæki í notkun; í sundlaug, íþróttahúsi og íþróttasvæði.

Næsti fundur nefndarinnar verður þriðjudaginn 13. janúar.

Fundi slitið kl. 16:00.